



Fuglavernd

Hverfisgötu 105, 2.h. • 101 Reykjavík • (+354)562 0477 • fuglavernd@fuglavernd.is

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Frummatsskýrsla vegna Hólasandslínu 3, athugasemdir Fuglaverndar

Fuglavernd óskar að koma að athugasemdum vegna Hólasandslínu 3. Fyrsti valkostur að mati félagsins er Laxárlínuleið um Vaðalheiðargöng og Ljósavatnsskarð. Hann hefur minni áhrif á fuglalíf eins og fram kemur í matsskýrslu.

Samkvæmt aðalvalkosti frummatsskýrslu er línumni er ætlað að þvera Laxárdal. Leiðin er sunnan við núverandi línu. Fuglavernd mótmælir þessum hugmyndum um hvar eigi að þvera dalinn og röksemdirnar eru:

1. Svæðið við Varastaðaskógr er óraskað, engir vegir, engir slóðar. Nú er ætlunin að böðlast þar í gegn með raflínu og spilla þeirri náttúrulegu mynd og þeirri friðsemd sem einkennir svæðið.
2. Línan þverar Laxá rétt við fálkaóðal en hreiðurstaðurinn er í árbakkanum, mögulega mun framkvæmdin spilla því varanlega!
3. Með því að taka þennan hlykk á línumna, verður hún lengri en ella og áhrif hennar meiri sem því nemur.
4. Tvær línar yfir Laxá með 1 km millibili munu mögulega auka áflugshættu fyrir fugla, frekar en tvær samsíða línar.

Fuglavernd vill benda á að margar tegundir vatna- og votlendisfugla fljúga upp og niður með Laxá á hverjum degi árið um kring. Umferðin er mest frá vori og fram á haust. Þetta eru ýmsar tegundir anda, einnig gæsir, vaðfuglar, ránfuglar (fálki og smyrill), hettumáfar og kríur. Fuglarnir fylgja farvegi árinna og línan þverar leið þeirra og af henni er stöðug áflugshættu fyrir fuglana. Sumar af þessum tegundum eru á Válista Náttúrufræðistofnunar frá 2018 og ein þeirra, húsöndin, á allt sitt undir Laxá. Fuglavernd hvetur eindregið til þess að sá kostur að taka línumna í jarðstreng yfir dalinn verði skoðaður af fullri alvöru sem aðalvalkostur. Jafnframt þá líka að taka niður Kröflulínu 1 þar sem hún þverar dalinn og setja í jarðstreng. Slíkar framkvæmdir myndu eyða þeirri ógn sem þessar loftlínur eru Laxárfuglum og munu jafnframt draga úr sjónrænum áhrifum þessara mannvirkja ofaní dalnum. Næsti kostur að mati Fuglaverndar væri að láta línumna fylgja þeirri línu sem þegar er fyrir. Það er mat Fuglaverndar að alls ekki eigi að þvera Laxá með línu við Varastaðaskógr miðjan.

Fuglavernd hvetur til þess að við mat á umhverfisáhrifum verði reynt að slá kvarða á umferð fugla með Laxá og eins að meta áflugshættu af þeirri línu sem þegar er fyrir.

Athugasemdir Fuglaverndar snúast fyrst og fremst að þverun Laxárdals, en Laxá er friðuð með sérlögum. Félagið vill þó líka benda á mikilvægi þess að skerða ekki votlendi og eins að línan frá Laxá að Akureyri liggar rétt við nokkur fálkaóðul.

Stokkseyri 21. des. 2018

Jóhann Óli Hilmarsson, formaður